

Sesselja Júlíana Ísleiksdóttir – oftast kölluð Silla.

f. 13.10.28 d. 13.11.11.

Silla var fædd og uppalin í Reykjavík, bjó sem barn og unglingur á Grettisgötu 60 og Hverfisgötu 62. En lengst af bjó hún í fjölskylduhúsi á Lokastíg 10. Hún skrifaði endurminningar m.a.um daglegt líf barna í Reykjavík, minningar frá sveitadvöl um vinnustaði og ýmislegt sem henni fannst skipta máli að segja dóttursyni sínum.



Það sem hér stendur um vinnustaði og saumaskap hennar byggir að mestu á þessum skrifum og síðan sýn minni á mömmu mína sem saumakonu.

Innan við tvítugt fór Silla að vinna á saumastofu hjá Andrési Andréssyni klæðskera á Laugavegi 3 á 4.hæð. Hún hafði alltaf haft gaman af því að sauma og búa til föt, bæði á dúkkurnar sína og síðan byrjaði hún ung að saumaði föt á sig. Foreldrar hennar þekktu vel Andrés úr starfi í Fríkirkjunni og síðan Óháða Fríkirkjusöfnuðnum og því eðlilegt að snúa sér til hans þegar Silla fór að huga að framtíðar vinnu. Hana langaði að læra að verða klæðskeri en þar sem hún var kona vildi Andrés ekki ráða hana sem klæðskeranema, það starf taldi hann aðeins vera fyrir karlmenn. Því fór hún að sauma og saumaði þar í 7 ár. Silla tekur það fram að hjá Andrési hafi hún unnið með mörgu skemmtilegu fólki og nefnir t.d. Svavar Benediktsson tónskálmál og Gísli á pressunni.

Um 1955 fer Silla að vinna í Spörtu, saumastofu í Borgartúni 8. Þar vann hún í mörg ár. Í Spörtu saumaði hún m.a. matrósarföt, drengjaföt og ýmislegt annað. Hún hættir að vinna á saumastofu í nokkur ár en fyrir 1970 fer Silla að sauma á saumastofu Faco en sú saumastofa var í Brautarholti 4. Þar voru saumuð tískuföt, einna helst jakkaföt sem seld voru í versluninni á Laugavegi 37.

Síðan fer Silla að vinna á saumastofu Karnabæjar sem var fyrst í Kjörgarði en síðan í Kópavogi. Á þeim árum var Karnabær stórveldi og mikið að gera á saumastofunni. Saumastofan var skipulögð eins og færibandalína og hver saumakona saumaði aðeins ákv. hluta af flíkinni. Þar saumaði Silla bæði jakkaföt, úlpur, sleðagalla o.fl.



Hún segir „Allstaðar hefur mér líkað vel. En þessi verksmiðjuvinna gat verið mjög erfið. Ég vann mikið í akkorði eða hópbónus, einkum á saumastofunum. Kaupið varð meira eftir því sem fólk þrælaði meira. Við saumaskap hef ég unnið í rúmlega 35 ár“.

Mamma var saumakona af guðs náð, hún hafði gaman af því að saum og sérstaklega að hanna föt. Enda sagði hún oft sem fullorðin kona að ef hún hefði fengið val síðar á ævinni hefði hún valið fatahönnun. Hún var vandvirk, útsjónarsöm og lagði mikla áherslu á góðan frágang. Lagði áherslu á að fötin færu vel, að föt á litla krakka væru rúm og auðvelt fyrir börnin að hreyfa sig. Henni fannst oft eins og „búðar buxur“ væru of þröngar og stuttar upp á rassinn. Það fannst henni óláns snið.



Hún nýtti eldri flíkur og „saumaði upp úr gömlu“ eins og það var kallað. Hún nýtti það að „venda við“ t.d. gömlum kápum og saumaði á mig eða son minn kápur og frakka.



Hjá Karnabæ fékk hún oft efnisbúta sem hún nýtti, hún keypti afgangsbuxur í litlum stærðum og saumaði þær „upp“ – þrengdi og stytta þannig að strákurinn gat notað þær. Mömmu fannst það eðlilegt og gaman að nýta gott efni og útbúa nýja flík. Hún saumaði t.d. skyrtu á dóttursoninn upp úr ófrískukjól af mér og stuttermaboli upp úr eldri bolum af pabba hans. Þá nýtti hún hálsmálið, smellur og vasa eins vel og hún gat. Hún saumaði á strákinn fyrstu árin hans buxur, vesti, úlpur, boli, skyrtur, bakpoka og saumaði upp peysur. Einnig hannaði hún rúmteppi, gardínur og rúmföt. Ef mamma hefði frekar lagt allt sitt í hannyrðir hefði mikið legið eftir hana, fötin gengu úr sér og töpuðu tölunni og aðeins smá sýnishorn sem hér er kynnt til sögunnar. En við eigum samt nokkra góða útsaumsmuni frá henni sem við höldum mikið upp á. Hún leit á það sem sóun að henda góðu efni, flík sem hægt var að sauma upp úr, hún spretti upp rennilásunum og geymdi og safnaði tölum af fötum.

Hún saumaði mikið á sig, breytti og bætti. Einnig saumaði hún mikið á mig sem krakka og ungling en mér fannst það á þeim tíma ekki skemmtilegt. Að máta og hún að spá og finna út nýjar lausnir gat tekið á. En í dag horfi ég á þessar stundir með allt öðrum augum og fannst gaman að fá fötin sem hún saumaði á soninn.

Mamma átti góða Necchi saumavél en hún saknaði þess að hafa ekki overlook á henni. Þannig vél eignaðist hún ekki og því „sikk sakkaði“ hún sauma sem hún vildi loka vel.

En fyrir utan saumaskapinn teppalagði hún gólf og stiga og veggfóðraði. Allar verklegar framkvæmdir sem voru vel unnar glöddu hana.

Mamma saumaði líka mikið á dúkkurnar mínar og dúkkurúmföt. Í dag nýtur langömmustelpan hennar góðs af því.



Sama má segja um langömmusoninn, hann hefur nýtt nokkrar flíkur sem pabbi hans var í og enn í dag er verið að nota öskudagsbúningi sem saumaður var fyrir 33 árum.

Þetta er það helsta sem ég get sagt um mömmu mína, saumaskapinn og flíkurnar sem hún saumaði.



Hér á eftir eru myndir af þeim fötum sem ég vil gjarnan að fari til ykkar á Árbæjarsafni. Þetta er auðvitað aðeins brota, brot af öllu því sem mamma saumaði.



Úlpa og bakpoki – saumað úr afgöngum frá Karnabæ en þá var verið að sauma vatteraðar úlpur úr þessu efni.



Smekkbuxur og skyrtu en hún er saumuð upp úr „busserull“ sem ég átti sem unglingur.



Jakki með axlarpúðum



Samfestingur og bolur, bolurinn er saumaður upp úr bol af pabba stráksins.

Fóðraður frakki, en fóðrið hefur ekki alveg dugað og þá Var því bjargað.





Hér er ég í forlata kjól sem keyptur var í Þýskalandi. Myndin er tekin tveimur vikum áður en strákurinn fæðist. Nokkrum árum síðar hefur mamma saumað þessa skyrtu á hann upp úr kjólnum. Hún lét miðann í hálsmálinu halda sér – skemmtilegt!



Smekkbuxur og bolur. Hún saumar út andlit í smekkin. Bolurinn er úr gömlum bol af pabba stráksins og eins og áður lætur hún hálsmál og vasa halda sér.



Að lokum er hér smekkur saumaður upp úr ungbarna handklæði sem mamma hafði saumað eh. árum fyrr og var ekki lengur not fyrir.



Með kveðju,

Fanný Gunnarsdóttir